

SUMARLANDIÐ OG DRAUMALANDIÐ

I

Andrew Jackson Davis, Ameríkumaður merkilega skyggn eða ófreskur, kallaði bústaði framliðinna, sem hann þóttist sjá í vitrunum, sumarlandið. Lýsir hann þeim stöðum mjög fagurlega, og er eftirtektarvert, hversu lýsingar hans minna á það sem grískir fornmann sögðu um Elysion; en svo nefndu þeir sælustað framliðinna, er þeir hugðu vera. Í Elysion er alltaf summar og alltaf dagur, sögðu þeir, því að sólin sest þar aldrei. Sama segir Swedenborg um Himnaríki. Sólin sest þar aldrei, segir hann, og er alltaf á sama stað á himninum; er hjá Swedenborg sérstakur kafli um áttirnar í Himnaríki.

Það má vel gera sér grein fyrir því, hvernig slíkar lýsingar muni vera til komnar. Gerum ráð fyrir hnetti, sem er orðinn mjög gamall, og hefir fengið bundinn möndulsnúning, sem kallað er, það er að segja, er jafnlengi að snúast í kringum sjálfan sig, eins og að fara kringum sól sína. Öðrum megin á slíkum hnetti væri alltaf nótta, en hinum megin alltaf dagur; og frá sama stað í ljósheimi hnattar þess að sjá, væri sólin alltaf á sama stað á loftinu. Lífið á slíkum hnetti mundi vera orðið mjög margbreytilegt og fullkomið, gerum vér ráð fyrir; það hefði haft svo langan tíma til að þróast.

Gerum nú ráð fyrir, að einhver á jörðu hér kæmist í hugsamband við einhvern í ljósheimi þessa gamla hnattar, þannig, að hann hygðist sjálfur sjá, „sæi hugaraugum“ það sem ljósheimsbúanum bæri fyrir augu; — að þannig lagað samband getur átt sér stað er fullkomlega víst, og við þetta munu eiga hin eftirtektarverðu orð Plótíns: svo að hinn skynjandi er einsog tvöfaldur (eða í tvennu lagi); mun ég rita nánar um þetta efni í annað skipti. — Gerum enn fremur ráð

fyrir, að jarðbúinn ímyndaði sér, að það sem hann sæi með sinni innri sjón (visus interior), eins og hann mundi nefna það, væri „hinumegin“ í einhverjum óstaðlegum heimi, andaheimi eða himnaríki; gerum enn ráð fyrir, að það sem „andasjáandinn“ sæi fyrir augu ljósheimsbúans, aflagaðist talsvert í hinni jarðnesku meðvitund, sakir hleypidóma og vanþekkingar jarðarbúa. Það sem vér mundum fá út, ef vér gerðum ráð fyrir öllu þessu sem nefnt var og svo því að hinn skyggni reyndi að segja frá því, sem fyrir hann hefði borið, yrði einmitt slíkar lýsingar á himnaríki, sem er að finna hjá Swedenborg og fleiri vitranamönnum.

II

Þegar vér höfum skilið þetta, sem nú var á vikið, sjáum vér, að það má fá eigi litla vitneskju um þróun lífsins miklu lengra fram en komið er á jörðu hér, og að vísu eigi einungis í guðsríkisáttina, heldur einnig í Vítisáttina eða þar sem safnað er afli, auð og ýmiss konar magni með því og á því að kúga og kvelja aðra, bæði mannlegar verur og dýr. Getur verið býsna hátt risið, og frá stórum tíðindum að segja í slíkum stöðum, en reiðir þó allt til falls, þar sem ekki er byggt á hinni réttu undirstöðu. En það er í hinni réttu undirstöðu, að skilja að hver einstaklingur er vísir til þess sem á að verða óendanlegt. Fyrr er ekki rétt stefnt, en til þess stefnir, að hver einstaklingur fái þátt í öllu lífi, og allt líf þátt í hverjum einstökum. Í allri heimspeki og goðsögum mörgum og trúfræðum er einhver viðleitni á að skilja þetta, eða eitt-hvað af þessu sagt. Af þessu segir í sögunni um ásmegin Pórs; megingjarðirnar eru orkusamband hans við Æsi aðra. Af slíku segir í sögunni um hinár níu mæður Heimdallar. Þetta er það, sem Kristur á við, þegar hann segir: verið allir eitt. Og trúin á þríeina guði á rót sína í því, að mjög fullkomnum verum hefir þetta tekist, að sameina einstaklings-eðli á mjög háu stigi og sameðli, koínónía og idíosis, eða eigining og samning.

III

En byrjunin til þess að finna vísindalega hvernig þessu víkur við, er gerð með því að skilja að draumlífíð verður fyrir samblöndun meðvitundanna. Í draumi finnst hverjum hann vera annar maður, og hann lifir í svefni, meira eða minna aflagað, það sem einhver annar lifir í vöku, eða fær þátt í því. Þegar sofandi maður hugsar „ég“, þá er það ekki sama „égið“, eins og þegar hann vakandi hugsar „ég“. En orðið „ég“ eða „ek“ þýðir líklega einmitt: „ég vaki“. Ef menn vilja hugleiða, hversu merkileg byrjun er gerð með því að skilja eðli drauma, þá mun þeim verða ljóst, hvers vegna guðinn gríski brýndi svo fyrir mönnunum að þeir skyldu læra að þekkja sjálfa sig. Allur heimurinn gægist inn í huga mannsins, ef hann hefir vit á að taka eftir því. En þó getur þetta ekki orðið verulega að gagni fyrr en margir eru í þessu efni farnir að skilja á rétta leið.

Enginn skilji mig svo, sem ég muni ætla að fara að hvetja menn til að lifa draumalífi líkt og Búddatrúin hvetur til. Þetta vort líf er fyrir oss leiðin til fullkomnunar. Takist oss ekki að gera þetta líf fullkomið, þá verður fullkomnun ekki vort hlutskipti.

Hér er auðvitað gert ráð fyrir því, að maðurinn lifi aftur og aftur. En hins vegar þykist ég mega vera nærri viss um, að mennirnir á jörðu hér hafi ekki lifað áður. Þetta er byrjunin fyrir oss hér. Þeir sem halda að hver maður hafi lifað oft áður á jörðu hér, hafa ekki áttað sig nóg vel á því, sem jarðfræðin kennir og dýrafræðin og enn önnur fræði.

Hið illa er örðugleiki sem sá kraftur sem er rót lífs vors er að leitast við að sigra. Í óendanlegri tilveru leitar sá kraftur sem lifið er af, uppi alla möguleika til ills og eyðir þeim. Og einhversstaðar hlýtur að vera á þeim takmörkum, að hinn góði kraftur fari halloka fyrst. Og á slíkum takmörkum er það ástand, sem nefna mætti helviti. En líf eins og á jörðu hér, sem alltaf er sigrað af þjáningum og dauða, er einmitt í nánd við þau takmörk. Á slíkum stöðum er lifað gegn tilgangi lífsins, og „launin“ fyrir það eru kvöl og dauði, og ekki einu sinni heldur oft, óendanlega oft, ef ekki verður

fundin hin rétta leið. Á slíku stigi tilverunnar, sem er á jörðu hér, er verið eins og á útjaðri, þar sem lífið er alltaf að tendrast og alltaf að slokkna; tilraunin til lífs mistekst alltaf. Er þetta, sem hér er sagt, í góðu samræmi við kenningar Plótíns og fleiri fornspekinga, en eðlilegt að bæta því við, eftir þeirri bekkingu, sem síðan hefir fengist, að önnur tilverustig séu á öðrum hnöttum.

Morgunblaðið, 8. jan. 1917.